

1980 22/12 Dómur: 4 mán. fangelsi fyrir brot á 244. gr. hegningarlaga (hegningarauki).

Refsingu ákærða ber að ákveða með hliðsjón af 78. gr. alm. hegningarlaga að því er varðar brot þau, er ákæran frá 26. janúar 1981 tekur til svo og með hliðsjón af 72. og 77. gr. sömu laga. Þykir hún hæfilega ákveðin fangelsi í 12 mánuði, en frá skal dragast gæsluvarðhaldsvist ákærða 2.—5. nóvember 1980 með fullri dagatölu.

Rétt þykir eftir kröfu ákæruvaldsins og með hliðsjón af 81. gr. umferðarlaga að svipta ákærða ævilangt rétti til að öðlast ökuleyfi.

Að lokum verður ákærði dæmdur til að greiða allan kostnað af máli þessu, þar með talin málsvarnarlaun og réttargæslubóknun skipaðs verjanda síns, Hilmars Ingimundarsonar hæstaréttarlögmans, sem þykja hæfilega ákveðin kr. 3.500.00.

Dómsorð:

Ákærði, Birgir Kristjánsson, sæti fangelsi í 12 mánuði, en til frádráttar komi með fullri dagatölu gæsluvarðhaldsvist hans 2.—5. nóvember 1980.

Ákærði er ævilangt sviptur rétti til að öðlast ökuleyfi.

Ákærði greiði allan kostnað máls þessa, þar með talin málsvarnarlaun og réttargæslubóknun skipaðs verjanda síns, Hilmars Ingimundarsonar hæstaréttarlögmans, kr. 3.500.00.

Mánudaginn 8. mars 1982.

Nr. 221/1980. **Ákæruvaldið**
 gegn
Guðbergi Guðjónssyni.

Beiðni um endurupptöku dæmnds máls synjað.

Endurrit úr gerðabók Hæstaréttar.

Lagt er fram bréf ríkissaksóknara, dags. 6. janúar 1982, og bréf Jóns Bjarman fangaprests til ríkissaksóknara, dags.

15. desember 1981, ásamt þar greindum fylgiskjölum, sem eru beiðni Guðbergs Guðjónssonar, dags. 11. desember 1981, þar sem hann fer þess á leit, að hæstaréttarmálið nr. 221/1980 verði endurupptekið, endurrit úr þingbók Ytre Follo forhørsrett 17. júlí 1978 með endurriti af dómi sama réttar, uppkveðnum 18. júlí 1978, svo og ljósrit af bréfi Jóns Bjarman, dags. 30. nóvember 1981, til hæstaréttarritara. Því bréfi var af hálfu Hæstaréttar svarað 7. desember 1981 með svohljóðandi bréfi: „Hæstiréttur hefur mótttekið bréf yðar, dagsett 30. f. m., varðandi hæstaréttardóm í málinu nr. 221/1980: Ákærvaldið gegn Guðbergi Guðjónssyni.

Óski dómfelldur þess, að mál hans verði endurupptekið, á hann eða lögmaður hans að senda ríkissaksóknara um það formlega og rökstudda beiðni og þau gögn, sem hann byggir beiðni sína á.

Reglur um endurupptöku dæmdra opinberra mála eru í XXIII. kafla laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála.“

Með dómi áðurgreinds norsks dómstóls 18. júlí 1978 var Guðbergur Guðjónsson dæmdur í 2 mánaða óskilorðsbundið fangelsi og 7 mánaða fangelsi skilorðsbundið fyrir skjalafals, þjófnað og ólöglega meðferð á fundnum fjármunum. Þessa dóms hafði ekki verið getið í sakavottorði Guðbergs Guðjónssonar 12. nóvember 1981.

Með ákæruskjali 22. janúar 1976 var opinbert mál höfðað á hendur nefndum Guðbergi fyrir skjalafals og þjófnað. Dómur í máli þessu var kveðinn upp í sakadómi Garðakaupstaðar 6. september 1979, og var Guðbergur Guðjónsson dæmdur í 6 mánaða fangelsi fyrir framangreind brot. Í forsendum dóms þessa segir: „1978 var ákærði dæmdur í 3ja mánaða óskilorðsbundið fangelsi og 9 mánaða skilorðsbundið fangelsi í Noregi fyrir tékkabrot.“

Dómi sakadóms Garðakaupstaðar vildi Guðbergur Guðjónsson eigi una, og var dóminum skotið til Hæstaréttar. Þar gekk dómur í málinu 17. nóvember 1981 (Hrd. 1981, bls. 1435). Var Guðbergi Guðjónssyni gert að sæta átta mánaða fangelsi. Í forsendum hæstaréttardómsins segir svo: „Þá er greint frá því í héraðsdómi, án þess að gögn liggi fyrir um

það í máli þessu, að ákærði hafi á árinu 1978 hlotið refsisdóm í Noregi, 3 mánaða óskilorðsbundið og 9 mánaða skilorðsbundið fangelsi. Staðfesti verjandi ákærða fyrir Hæstarétti, að þetta væri rétt.“

Í framangreindri beiðni Guðbergs Guðjónssonar 11. desember 1981 er vísað til áður nefnds bréfs Jóns Bjarman, dags. 30. nóvember 1981, til hæstaréttarritara, en í því segir, að fangapresturinn vilji vekja athygli Hæstaréttar á þeirri staðreynd, að hluti af forsendum dóms í málinu nr. 221/1980 sé ekki réttur. Enn fremur segir svo í bréfi fangaprestsins: „Með vísun til XXIII. kafla laga nr. 74/1974, um meðferð opinberra mála, vildi ég fara þess á leit við yður, herra hæstaréttarritari, að þér gerðuð skjólstæðingi mínum ljóst, hvort þessi efnisatriði nægja til endurupptöku dómsins. Ef svo er, mun hann að sjálfsögðu gera kröfu til þess á lögformlegan hátt.“

Í greindu bréfi ríkissaksóknara 6. janúar 1982 segir svo: „4. Beiðni Guðbergs um endurupptöku máls er byggð á því, „að hluti af forsendum dóms í málinu 221/1980 er ekki réttur“, svo notað sé orðalag Jóns Bjarman í fyrrgreindu bréfi hans 30. nóvember f. á. Virðist sem Guðbergur álití — þó að hann segi það ekki berum orðum — að refsing hans hafi orðið þyngri en verið hefði, ef endurrit af hinum norska dómi hefði legið frammi við dómsuppkvaðningu.

Af ákærvaldsins hálfu er tekið fram eftirfarandi:

Atvik það, sem hér um ræðir, þykir eigi falla beint undir 192. gr. laga nr. 74, 1974, og því aðeins getur lagagreinin tekið til tilviksins, að hún sé skýrð mjög rúmt eða beitt sé lögjöfnun, sem hér sýnist koma til greina.

Mælt er með því, að beiðni Guðbergs Guðjónssonar um endurupptöku Hæstaréttarmáls nr. 221/1980 geti orðið tekin til greina, en jafnframt er tekið skýrt fram, að það er ekki gert í því skyni að fá niðurstöðu dóms breytt til refsilækkunar, heldur aðeins í því skyni, að rétt frásögn um hinn norska dóm komi fram í forsendum.“

Gögn þau, er að framan getur, leiða eigi til þess, að endurupptaka greinds hæstaréttarmáls nr. 221/1980 verði leyfð.

sbr. XXIII. kafla laga nr. 74/1974. Verður og ekki séð, að missögn sú í dómi sakadóms Garðakaupstaðar 6. september 1979 um niðurstöðu hins norska dóms né frásögn í greindum hæstaréttardómi um þetta atriði geti nokkru breytt um refsíákvörðun.

Þriðjudaginn 9. mars 1982.

Nr. 96/1981. **Ákærvaldið**

(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)
gegn

Tómasi Sævari Friðjónssyni

(Guðmundur Ingvi Sigurðsson hrl.).

Bifreiðar. Banaslys. Sýkna. Brot gegn umferðarlögum.
Fyrning sakar. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómaramarnir Logi Einarsson, Björn Sveinbjörnsson, Magnús Þ. Torfason, Sigurgeir Jónsson og Þór Vilhjálmsson.

Hermann G. Jónsson, fulltrúi bæjarfógetans á Akranesi, kvað upp hinn áfrýjaða dóm.

Ágrip máls barst Hæstarétti 23. október 1981.

Héraðsdómi var áfrýjað að ósk ákærða, en af hálfu ákærvalds er krafist staðfestingar dómsins.

Leitt er í ljós, að drengurinn Stefán Orri Ásmundsson ók reiðhjóli sínu skyndilega fyrir horn hússins nr. 65 við Suðurgötu, yfir gangstétt og þvert út á Suðurgötu. Lenti reiðhjólið þar á bifreið ákærða um eða fyrir aftan miðju. Þegar þessa er gætt, þykir varhugavert að telja sannað, að ákærði hafi valdið bana drengsins með aksturslagi sínu, þó að telja verði sannað, að hann hafi ekið bifreið sinni of hratt og ógætlega eftir Suðurgötu miðað við gerð bifreiðarinnar, hlass hennar og aðrar aðstæður, en refsing fyrir það brot hefði ekki farið fram úr sektum.